



FlammEx Gasskynjari 230V/50Hz.

FlammEx gasskynjarinn varar við leka af gastegundunum Metan (CH₄), Própan (C₃H₈) og Bútan (C₄H₁₀).

Hætta: Ef ofangreindar gastegundir losna úr læðingi og komast í snertingu við súrefni getur hinn minnsti neisti valdið sprengingu.

FlammEx gasskynjarinn varar við talsvert áður en hætta verður á sprengingu.

Viðbrögð við hættu (hljóðmerki):

Þegar viðvörðun kemur frá skynjara þá skal strax leita að orsök, laga eða yfirgefa vistarverur.

Opna hurðir og glugga.

Passa að ekki sé kveikt á eldi.

Ekki kveikja á rafmagnsrofum.

Ef nauðsyn krefur, fá fagmann til að stöðva gasleka.

1. Staðsetning í húsum:

- 1a.** Í því rými sem tengingarnar fara inn í húsið.
Við hitatanka
Við gaseldavélar

Ath! ekki í herbergjum þar sem raki er mikill.

1b. Própan-og Bútangas eru þyngri en loft og leita þess vegna niður. Staðsetja skal gasskynjarann u.þ.b. 300 mm fyrir ofan gólflöt.

Metangas er léttara en loft og leitar þess vegna upp. Staðsetja skal gasskynjarann u.þ.b. 300 mm. fyrir neðan lofthæð.

2. Með gasskynjaranum fylgir veggfesting..

3. Hægt er að fá segulrofa sem aukabúnað við gasskynjarann.

Dæmi um notkun segulrofa:
Sírena, merkjalampi, viðvörðunarkerfi.

4. Virkni

Grænt gaumljós: (blikkandi) Tækið tilbúið til notkunar eftir ca. 10 mín. þegar það hefur verið tengt við straumgjafa.

Stöðugt ljós: Tækið tilbúið til notkunar: "Rafmagn á".

Gult gaumljós: Lýsir ef truflun verður.

Rautt gaumljós: Blikkar og slitrótt hljóðmerki heyrast. Hægt er að slökkva á hljóðmerkinu með Testhnappi en gaumljósið blikkar áfram. Stutt hljóðmerki heyrast samt á 45 sek. fresti.

Fölsk viðvörðun.

Þar sem nemi skynjarans er stilltur mjög nákvæmlega er hætta á að hann gefi frá sér falska viðvörðun. Sérstaklega ef notað er hárlakk eða annars konar úðabrúsi. Einnig ef hópur fólks reykir eða gufur frá eldhúsi berast að skynjara.

Tæknilegar upplýsingar:

Straumgjafi: 230V ~ 50Hz
Orkunotkun: 2,6W
Hitamörk: 0°C til 40°C
Viðbragðsbylgja 25% áðuren komið er að neðri sprengimörkum
Prófaður skv.: BS7348/1990, EN60335-1, ERG/GS, CE
Hljóðstyrkur: U.þ.b. 85dB í 3m fjarlægð.
Stærð: (LxBxH) ca.156mm x 80mm x 51mm